

Sveitarfélagið Ölfus  
b/t Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 22. september 2020  
UST202009-044/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 - Breyting á þéttleika á íbúðarsvæði, reitur Í6**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 3. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 vegna breytingar á þéttleika byggðar á íbúðarsvæði, reit Í6 í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að breyting aðalskipulags felst í því að íbúðum í reit Í-6 í Þorlákshöfn er fjölgað úr 51 í 75 og þéttleiki byggðar eykst þar af leiðandi úr 9,4 íb/ha í 13,8 íb/ha.

#### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að unnin hefur verið breyting á deiliskipulagi íbúðarhverfis sem svarar betur eftirspurn íbúða í Þorlákshöfn.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu og hönnun á íbúðarsvæðinu í deiliskipulagi séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni sem fellur undir greinina þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakeel Kristjansdóttir  
sérfræðingur